

**Mál nr. 160/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar skipasmíðastöðvar.**

**Ágreiningur um bótaábyrgð vegna vinnuslyss í skipasmíðastöð þann 29.8.1997.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 7.7.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 627/1999.
3. Tjónstilkynning til X, dags. 13.11.1997.
4. Tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 4.9.1998.
5. Eftirlitsskýrsla Vinnueftirlits ríkisins, dags. 2.3.1999.
6. Ljósmyndir.
7. Örorkumat, dags. 14.12.1998.
8. Bréf H hrl., dags. 18.1., 30.3. og 10.8.1999.
9. Bréf X, dags. 20.5., 8.6., 15. 7. og 12.8.1999.

**Málsatvik.**

Þann 29. ágúst 1997 var M við störf sem rennismiður í skipasmíðastöð S. Hann gekk inn í stáldeild S til að hafa tal af verkstjóra þar. Féll hann þá um stálbita ("stálprófi") sem mun hafa staðið út af grind sem þá hafði nýlega verið sett á gólfið. Var unnið við að setja saman svonefndar flæðilínur og voru þær látnar standa ofan á grindinni. Í eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins er grindinni nánar lýst þannig: "Grind þessi eru U-skúffur sem boltaðar eru í gólfið, slétti flöturinn upp en hliðarnar niður þvert á þær, en festir vinklar sem eru ca 6-7 cm frá gólfi og standa sumstaðar um 20 cm út fyrir skúffurnar." Í lok skýrslunnar var bent á að vinkilendar skyldu styttr og hafðir jafnir skúffum og jafnframt ávalaðir. Við slysið hlaut M áverka á hægri hné sem leitt hefur til 15% örorku.

**Álit.**

Af ljósmyndum, sem lagðar hafa verið fyrir nefndina, má ráða að umræddar grindur hafi tekið talsvert gólfpláss í vinnusalnum, þar sem þeim hafði verið komið fyrir. Grindarendinn, sem M hnaut um, sýnist hafa verið í jafri allbreiðrar gönguleiðar þvert yfir miðjan vinnusalinn, en grindurnar hafa verið á hægri hönd séð úr dyrum fyrir miðjum salnum. Kann grindarendinn að hafa skagað að einhverju leyti inn á gönguleiðina þótt það sjáist ekki ótvírátt á fyrirliggjandi myndum. Verður ekki annað ráðið en grindarendinn hafi átt að blasa við hverjum þeim sem gekk um vinnusvæðið og gætti þeirrar varúðar sem krefjast mátti, þegar gengið er um vinnusvæði eins og hér um ræðir. Hefur M ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast í umrætt sinn, og á því sjálfur sök á slysinu. Þótt farið hafi verið fram á lagfæringu á grindarendunum verður ekki talið að þeir hafi valdið hættu þannig að S beri fébótaábyrgð á líkamstjóni M.

**Niðurstaða.**

S ber ekki ábyrgð á líkamstjóni M.

**Athuga:** Málið var endurupptekið með úrskurði þann 16. nóvember 1999.

Reykjavík, 7. september 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.